



# Þinggerð 13. ársþings Héraðssambands Þingeyinga

haldið í Þórsveri, Þórshöfn 20. mars 2021



## Dagskrá

1. Þingsetning
2. Starfsmenn þingsins kosnir:
  - a) Þingforsetar
  - b) Þingritarar
3. Kjörbréfanefnd kosin
4. Skýrsla stjórnar og reikningar sambandsins
5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
6. Álit kjörbréfanefndar
7. Skýrsla og reikningar borin undir atkvæði
8. Ávörp gesta
9. Matarhlé
10. Mál lögð fyrir þingið – umræður
11. Skipan í starfsnefndir - nefndarstörf
  - a) Allsherjarnefnd
  - b) Íþróttanefnd
  - c) Fjárhagsnefnd
  - d) Laganefnd
12. Kaffihlé – Íþróttamenn HSP verðlaunaafhending
13. Afgreiðsla mála
14. Kosningar
  - a) Formaður
  - b) Aðalmenn í stjórn
  - c) Varamenn í stjórn
  - d) Skoðunarmenn
  - e) Fulltrúi á íþróttaping ÍSí
15. Önnur mál
16. Þingslit



## Þinggerð

### 1. Þingsetning (kl. 10:00)

Jónas Egilsson formaður HSP setti þingið og bauð gesti velkomna til þings og Þórshafnar.

### 2. Starfsmenn þingsins

Formaður gerði tillögu um Þorstein Ægi Egilsson sem þingforseta og Björn S. Lárusson sem þingritara ásamt Gunnhildi Hinriksdóttur. Var það samþykkt og tók Þorsteinn við stjórn þingsins.

Þingforseti fór yfir forsendur þess að þing hefði ekki verið haldið á sl. ári eins og lög gera ráð fyrir, vegna Covid smithættu og spurði hvort þingfulltrúar hefðu athugasemdir við þá ákvörðun stjórnar í fyrra. Svo var ekki og var því gengið til dagskrár þingsins.

### 3. Kjörbréfanefnd

Þingforseti gerði tillögu um Sigurbjörn Árna Arngrímsson, Hermann Aðalsteinsson og Birnu Davíðsdóttir. *Samþykkt.*

### 4. Skýrsla stjórnar og ársreikningar 2019 og 2020 (kl. 10:10)

Jónas Egilsson formaður fór stuttlega yfir árið hjá stjórn. Þingfulltrúar hafa ársskýrslur síðustu tveggja ára fyrir framan sig þar sem farið er bæði yfir störf stjórnar en einnig eru þar starfsskýrslur félaganna (sjá ársskýrslu). Jónas vekur athygli á samantektinni *Æfum alla alla ævi* á starfsemi á svæðinu en skýrslan er á heimasíðu HSP [www.hsth.is](http://www.hsth.is). Skýrslan gefur ákveðinn núllpunkt, við vitum hvernig staðan er og getum einbeitt okkur að því sem þarf að gera.

### Reikningar sambandsins

Gunnhildur Hinriksdóttir fór yfir reikninga sambandsins og kynnti reikninga fyrir 2019 oög 2020 þar sem þingið var ekki haldið árið 2020. Leiðréttar voru rangar tölur sem komu óvart fram í reikningunum ársins 2019 en þar vantaði inn síðustu greiðsluna frá UMFÍ. Framlög og styrkir árið 2019 voru 15.790.754 kr. og heildartekjur því 18.074.979 kr. Tap ársins nam kr. 1.592.079 fyrir fjármagnsliði.

### 5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.

Þorsteinn bauð orðið laust en enginn tók til máls undir þessum lið.

### 6. Álit kjörbréfanefndar

Hermann Aðalsteinsson gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar. Rétt til setu á þinginu eiga rétt fulltrúar 23 aðildarféлага og eru fulltrúar 19 féлага mættir og fulltrúar þeirra alls 56. Þingið er því úrskurðað löglegt.

Mættir eru eftirfarandi fulltrúar:

**Skotfélag Þórshafnar og nágrennis:** Rúnar Konráðsson

**Golfklúbburinn Gljúfri:** Marinó Eggertsson

**Hestamannafélagið Þjálf:** Jón Sverrir Sigtryggsson



**Umf. Bjarmi:** Birna Davíðsdóttir, Gunnhildur W. Björnsdóttir, Arney W. Björnsdóttir

**Hestamannafélagið Grani:** Stefán Haraldsson, Sigfús Hilmir Jónsson, Sigríður Atladóttir

**Íþróttafélagið Magni:** Gísli Gunnar Oddgeirsson, Gunnar Guðmundsson, Hjörtur Geir Heimisson

**Hestamannafélagið Feykir:** Baldur Stefánsson, Petronella Hannula

**Hestamannafélagið Snæfaxi:** Steinunn Anna Halldórsdóttir, Eggert Stefánsson, Gísli Jónsson

**Völsungur:** Jónas Halldór Friðriksson, Davíð Þórólfsson, Ragnar Hermannsson, Sigurður Dagbjartsson, Guðrún Þóra Geirsdóttir, Guðrún Kristinsdóttir, Björgvin Friðbjarnarson, Kristjana Lilja Einarsdóttir, Lúðvík Kristinsson

**Umf. Efling:** Gunnhildur Hinriksdóttir, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Guðný Grímsdóttir

**Golfklúbbur Húsavíkur:** Birna Ásgeirsdóttir, Sigurgeir Höskuldsson, Hannes Höskuldsson, Jón Elvar Steindórsen

**Umf. Langnesinga:** Valgerður Sæmundsdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Jónas Egilsson, Björn S. Lárusson, Margrét Guðmundsdóttir, Þórarinn Jakob Þórisson, Anna María Ólafsdóttir, Sölvi Steinn Alfreðsson

**Skotfélag Húsavíkur:** Garðar Héðinsson, Guðmundur Halldórsen, Henrik Cater

**Mývetningur íþrótt- og ungmennafélag:** Kristinn Björn Haraldsson, Ragnar Davíð Baldvinsson, Valerija Kiskurno, Alina Kiskurno, Héðinn Björnsson

**Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar:** Júlíus Gunnar Björnsson

**Skákfélagið Huginn:** Hermann Aðalsteinsson, Sigurbjörn Ásmundsson

**Umf. Leifur heppni:** Ágústa Ágústsdóttir

**Umf. Einingin:** Sigurlína Tryggvadóttir, Magnús Skarphéðinsson

**Umf. Austri:** Birna Björnsdóttir

## 7. Reikningar bornir undir atkvæði

*Ársreikningar 2019 bornir upp og samþykktir samhljóða.*

*Ársreikningar 2020 bornir upp og samþykktir samhljóða.*

## 8. Ávörp gesta

Viðar Sigurjónsson frá ÍSí flutti ávarp og bar þinginu kveðju forseta og framkvæmdastjórnar ÍSí. Viðar ræddi um hlutverk sitt fyrir verkefni *Fyrirmyndarfélag ÍSí* sem mörg félög eru komin með, og *Þjálfaramenntun ÍSí* sem fer allt fram í fjarnámi. Viðar hvetur félög til þess að betrubæta starf sitt og sækja um þessa viðurkenningu sem *Fyrirmyndarfélag ÍSí* er. Viðar gerir ráð fyrir að HSP muni sækja um sem „fyrirmyndarhérað“. Hann hvetur þingheim til þess að nýta þá þekkingu sem er innan ÍSí til aðstoðar í starfi félaganna.

Viðar veitti tvær heiðursviðurkenningar ÍSí en Hermann Aðalsteinsson, Skákfélaginu Huginn og Guðrún Kristinsdóttir, Völsungi fá bæði Gullmerki ÍSí. Í umsögnum um þau segir m.a.:

Hermann sat í stjórn HSP frá 2010-2019. Hann var upphaflega kosinn varamaður en kom inn í stjórn sem aðalmaður strax á fyrsta ári sínu. Hann var varaformaður HSP til lengri tíma og hafði yfirumsjón með ýmsum málum s.s. kjöri íþróttamanns HSP. Þá hefur hann setið í stjórn Afreksmannasjóðs HSP frá 2016 og þar á undan í nefnd um Landsmót UMFÍ 50+ þegar mótið var haldið á Húsavík. Hermann er öflugur félagsmálamaður og hefur haldið uppi skákstarfi víða um hérað til margra ára.

Guðrún Kristinsdóttir kom fyrst til íþróttafélagsins Völsungs árið 1980 og sá þá um leikjanámskeið fyrir Völsung. Hún flutti svo til Húsavíkur árið 1986 og stofnaði þá strax fimleikadeild innan Völsungs og var formaður deildarinnar í um 20 ár. Hún starfaði sem þjálfari, stjórnarmaður og formaður deildarinnar í



um 32 ár. Hún tók við sem formaður Íþróttafélagsins Völsungs árið 2010 en lét af stöfum árið 2018 eftir farsælt starf og leiddi m.a. félagið í gegnum þá vinnu að verða eitt af fyrirmyndarfélögum ÍSÍ, sem félagið varð árið 2015. Guðrún hefur verið viðriðin starfið hjá Völsungi sem nefndarmaður, foreldri og svo sem formaður félagsins milli 2010-2018 og komið að flestum íþróttagreinum sem sjálfboðaliði auk þess að leysa framkvæmdastjóra félagsins af. Hún hefur séð um kvannahlaupið á Húsavík til fjölda ára. Þó svo að Guðrún hafi látið af störfum sem formaður heldur hún áfram að sinna starfi innan félagsins og er nú farin af stað með fimmtudagskvöldkaffi fyrir Völsunga sem vilja hittast og ræða félagið hvort sem um er að ræða líðandi stund eða fyrri tíð.

Formaður HSP Jónas Egilsson vísaði til heimildar 12. laga sambandsins um veitingu viðurkenninga og greindi frá reglugerð sem er í bíggerð um viðurkenningar frá HSP. Um er að ræða tvennskonar viðurkenningar, Silfurmerki HSP og Gullmerki HSP.

Silfurmerki HSP hlutu:

Jóhanna Sigríður Kristinsdóttir. Hún var m.a. formaður HSP í 5 ár og stóð fyrir 100 ára afmælishátíð HSP og Landsmóti 50+ á Húsavík.

Hermann Aðalsteinsson. Hann sat m.a. í stjórn HSP í 9 ár, lengst af sem varaformaður og hefur þar til viðbótar setið í og stýrt Afrekssjóði HSP.

Elísabet Sigurðardóttir. Fyrir ötult starf að sundmálum innan HSP. Hún stýrði sundnefnd HSP í fjölda ára og hélt uppi sundstarfi á Húsavík og Laugum.

Stefán Jónasson. Stefán hefur setið í stjórn HSP í a.m.k. 8 ár en á að auki langa sögu með HSP m.a. í kringum frjálsíþróttastarf og utanumhaldi afrekaskrár HSP í frjálsíþróttum.

Gullmerki HSP hlutu:

Jón Friðrik Benónýsson. Fyrir ötult starf að uppbyggingu og þjálfun frjálsíþróttá á svæðinu í yfir 20 ár.

Jón Þórir Óskarsson. Fyrir starf sitt sem skoðunarmaður HSP til lengri tíma.

Kristján I. Jóhannesson. Fyrir starf sitt sem skoðunarmaður HSP til lengri tíma.

Sölvi Alfreðsson. Fyrir einstakt starf í þágu UMFL og sem formaður í yfir áratug. Undir hans formennsku var starfið gróskumikið og öflugt og félagið mjög vel fjárhagslega sett að lokinni stjórnartíð hans.

## 9. Skipan í starfsnefndir – nefndarstörf

Þingforseti óskaði eftir því að breyta dagskrá og fá að taka lið 11 á undan lið 10. Liður 9 yrði tekinn kl. 12.

Þingforseti gerði tillögu um að allsherjarnefnd og íþróttanefnd störfuðu saman á þinginu. *Samþykkt.*

Þingforseti gerði tillögu um eftirtalda sem formenn nefnda, en aðrir þingfulltrúar störfuðu með nefndum eftir eigin ákvörðun:

- a) Allsherjarnefnd og íþróttanefnd: Jón Sverrir Sigtryggsson
- c) Fjárhagsnefnd: Stefán Jónasson
- d) Laganefnd: Sigurbjörn Árni Arngrímsson

*Samþykkt.*



## 10. Mál lögð fyrir þingið

Þingforseti óskaði eftir því að umræður um tillögurnar færu fram í nefndum, og svo að sjálfsögðu þegar málin verða tekin til afgreiðslu á þinginu. Hann gerir að tillögu að vísa málunum í nefndir eins og fram kemur hér á eftir. Jónas Egilsson óskaði eftir því að tala örlítið undir þingskjali 4 og gerði lauslega grein fyrir í hverju lagabreytingarnar felast. Fyrirspurn barst hvort þingskjal 7 þyrfti ekki einnig að fara fyrir fjárhagsnefnd en ekki var talin þörf á því. Ekki voru aðrar athugasemdir gerðar við fyrirlagningu þingskjala.

### Þingskjal 1

*Lagt fram af stjórn HSP*

#### Þakkar- og hvatningartillögur

**Ársþing HSP, haldið í Þórsveri 20. mars 2021**, þakkar Langanesbyggð, Norðurþingi, Skútustaðahrepp, Þingeyjarsveit, Grýtubakkahrepp, Sparisjóði Suður-Þingeyinga, Jarðböðunum, Ísfélaginu, Landsbankanum, Geir útgerð, Verkalýðsfélagi Þórshafnar og Bílaleigu Akureyrar fyrir veittan stuðning og samstarf á árunum 2019-2020.

**Ársþing HSP, haldið í Þórsveri 20. mars 2021**, hvetur félagi til þess að fjölmenna á Landsmót UMFÍ 50+, Íþróttaveislu UMFÍ og Unglingalandsmót UMFÍ.

Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið dagana 19. - 21. júní í Borgarnesi með fjölbreyttri dagskrá fyrir eldri ungmennafélaga. Íþróttaveisla UMFÍ fer fram í Kópavogi dagana 25.-27. júní í Kópavogi. Um er að ræða lýðheilsuhátíð fjölskyldunnar þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Unglingalandsmót UMFÍ fer fram á Selfossi 29. júlí – 1. ágúst.

Öllum ætti að vera ljós kostur þess og ávinningur af því að hreyfa sig reglulega og taka þátt í skipulögðu starfi og skemmta sér með fjölskyldu og vinum.

*Þingskjali 1 vísað til allsherjar- og íþróttanefndar*

### Þingskjal 2

*Lagt fram af stjórn HSP*

#### Æfum alla ævi

**Ársþing HSP, haldið í Þórsveri 20. mars 2021**, lýsir yfir ánægju sinni með skýrslu stjórnar um stöðu aðildarféлага HSP og þróun síðastliðinna ára. Stjórnnum aðildarféлага HSP er falið að fjalla um skýrsluna efnislega innan sinna raða þannig að samræður geti hafist og haldið áfram um betra og meira starf í samræmi við hugmyndafræði *Æfum alla ævi*.

Enn fremur hvetur ársþingið sveitarfélögin á svæðinu til þess að styðja ötullega við íþrotta- og ungmennafélög á svæðinu og efla þannig lífsgæði, heilsu og vellíðan íbúa sinna. Stuðningur sveitarféлага við almenningsíþróttir og íþróttastarf almennt, í samvinnu við aðildarfélög HSP og í samræmi við stefnu HSP *Æfum alla ævi*, getur aukið tækifæri allra til skipulagðrar hreyfingar og íþróttastarfs. Þannig getum við gert samfélagið sterkara í kjölfar Covid19., finna hvert þau vilja stefna og hvernig þau geti nýtt sér hugmyndafræði *Æfum alla ævi* til þess að efla starfið í félögunum og á sambandsvæðinu. Jafnframt er stjórn HSP hvött til þess að leita fjáröflunarleiða og samstarfs meðal sveitarféлага, stofnana og annarra samtaka á sambandsvæðinu um stuðning verkefnisins *Æfum alla ævi*.

*Þingskjali 2 vísað til allsherjar- og íþróttanefndar*



## Þingskjal 3

### Lagt fram af stjórn HSP

#### Verkefna- og styrktarsjóður HSP

**Ársþing HSP, haldið í Þórsveri 20. mars 2021**, samþykkir að leggja niður Afreksmannasjóð HSP, Aksturssjóð HSP og Fræðslusjóð HSP í núverandi mynd og stofna nýjan verkefna- og styrktarsjóð HSP. Þeir fjármunir sem nú eru í þessum þremur sjóðum renna í nýjan verkefna- og styrktarsjóð. Reglugerð nýs sjóðs verður svohljóðandi:

1. Sjóðurinn heitir Verkefna- og styrktarsjóður HSP og er stofnaður á ársþingi HSP 2021 með stofnframlagi núverandi innistæða Afreksmanna-, Aksturs- og Fræðslusjóðs HSP.
2. Tilgangur sjóðsins er að styðja við og efla íþrótt- og félagsstarf á sambandsvæði Héraðssambands Þingeyinga.
3. Stjórn sjóðsins er skipuð formanni, gjaldkera og ritara HSP. Hlutverk hennar er að gera tillögu að úthlutun fjár úr sjóðnum og fylgjast með nýtingu styrkja.
4. Tekjur sjóðsins eru:
  - a. Ákveðið hlutfall af óskiptum lottótekjum samkvæmt reglugerð um skiptingu á lottótekjum sambandsins.
  - b. Frjáls framlög og söfnunarfé.
5. Markmið sjóðsins er m.a. að styrkja eftirfarandi:
  - a. Íþróttafólk sem hefur hæfileika og getu til þess að ná langt í sinni íþróttgrein.
  - b. Félagsmenn (iðkendur, þjálfara, starfsfólk og stjórnar fólk) til þátttöku í fræðslunámskeiðum, ráðstefnum eða fundum sem er íþróttalífi og félagsstarfi í héraði til bóta.
  - c. Fræðsluerindi innan héraðs fyrir iðkendur, þjálfara, dómara eða sjálfboðaliða. Skilyrði er að opið sé fyrir þátttöku frá öllum aðildarfélögum HSP.
  - d. Ferðakostnað einstaklinga vegna æfinga- og keppnisferða innanlands og erlendis.
  - e. Nýjungar og sérstök verkefni.

Stjórn sjóðsins skal setja sér vinnureglur vegna úthlutunar styrkja og ákveður styrkupp hæðir hverju sinni, þ.m.t. hámarksupp hæðir til einstaklinga/hópa og fjölda styrkja til sama einstaklings/hóps/verkefnis innan sama árs.

6. Úthlutað er úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári og skulu umsóknir hafa borist fyrir 15. maí vegna verkefna sem hefjast á tímabilinu frá 1. nóvember sl. árs til 30. apríl sama árs, og fyrir 15. nóvember vegna verkefna sem hefjast á tímabilinu frá 1. maí til 31. október sama árs. Heimilt er að veita út sjóðnum við fyrri úthlutun 50% af því fé sem í honum er ásamt 50% af tekjuafgangi síðasta árs og við síðari úthlutun því fjármagni sem eftir er í sjóðnum. Styrkupp hæðir fara eftir fjármagnsgetu sjóðsins.
7. Eingöngu félagsmenn aðildarfélag HSP geta sótt um styrk úr sjóðnum sem og stjórnir aðildarfélag HSP. Sjóðurinn styrkir eingöngu þá sem iðka/þjálfar íþrótt sína og/eða keppa og starfa undir merkjum HSP og aðildarfélag þess.
8. Umsóknum skal skilað rafrænt til framkvæmdastjóra eða formanns HSP á þar til gerðu eyðublaði þar sem fram kemur: Nafn félags; nafn umsækjanda/ábyrgðarmanns, símanúmer, netfang og reikningsupplýsingar; heiti verkefnis og lýsing á verkefninu sem sótt er um; fyrirhuguð ráðstöfun styrks og upphæð sem sótt er um.

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til þess að afla sér nánari upplýsinga en þeirra sem fram koma á umsóknareyðublaði s.s. leita umsagnar annarra aðila og krefjast staðfestingar á verkefninu t.d. með afritum af reikningum og kvittunum.

9. Styrkþegar skulu skila stuttri greinargerð um framgang verkefnisins að því loknu.



10. Sjóðsstjórn metur hverja umsókn til samþykktar eða synjunar og skal á hverju ársþingi HSP gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.
11. Reglugerð þessi tekur gildi þegar ársþing HSP hefur samþykkt hana.

#### **Greinargerð:**

HSP hefur verið með þrjá sjóði sem aðildarfélög og einstaklingar hafa getað sótt í. Þessir sjóðir hafa ekki verið fullnýttir undanfarið, þó umsóknir í sjóðina hafi aukist án þess að þó að allar hljóti samþykki m.a. vegna stífra reglugerða. Nýjum sjóði er ætlað að taka yfir hlutverk fyrrnefndra sjóða, í stað þess að deila fjármagni í þrjá sjóði þar sem það mögulega nýtist ekki þykir betur við hæfi að hafa einn sterkan sjóð sem getur styrkt margvísleg málefni. Með því að færa fjármuni eldri sjóðanna í nýja sjóðinn mun sá sjóður hafa fjármagn til þess að taka strax til starfa á árinu. Árin 2019 og 2020 námu umsóknir í sjóðina nálægt 1.300.000 kr. hvort ár en úthlutun nam var kr. 785.328 árið 2019 og kr. 400.979 árið 2020. Innistæða sjóðanna í dag er yfir 2.000.000 kr. og úthlutunargeta því góð m.v. umsóknir sl. ára.

#### ***Þingskjal 3 vísað til laganefndar***

#### **Þingskjal 4**

#### ***Lagt fram af stjórn HSP***

#### **Lagabreytingar**

**Ársþing HSP, haldið í Þórsveri 20. mars 2021**, samþykkir eftirfarandi breytingar og uppfærslu á lögum HSP.

Lög HSP hljóði svo í endurbættri og uppfærðri útgáfu:

#### **Lög Héraðssambands Þingeyinga**

##### **I. Kafli. Um sambandið**

##### **1. grein**

Sambandið heitir Héraðssamband Þingeyinga, skammstafað HSP. Lögheimili þess og varnarþing er þar sem skrifstofa sambandsins er staðsett hverju sinni. Sambandssvæðið nær yfir sveitarfélögin frá Langanesbyggð í austri til Grýtubakkahrepps í vestri.

##### **2. grein**

Tilgangur sambandsins er að efla samhug og samvinnu æskulýðsins í Þingeyjarsýslum, stuðla að fjölbreyttu íþrótt- og félagsmálstarfi aðildarfélaganna og vera málsvari félaganna út á við. HSP skal starfa samkvæmt lögum ÍSÍ og UMFÍ.

Hlutverk HSP er:

- a) Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð, er stofnuð eru, fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
- b) Að annast samstarf um íþróttamál við sveitar- og bæjarstjórnir og aðra opinbera aðila innan héraðs.
- c) Að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt í því skyni.
- d) Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
- e) Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.
- f) Að staðfesta lög/lagabreytingar aðildarfélaga og halda utan um staðfest lög félaga og skili yfirliti til ÍSÍ yfir lög aðildarfélaga í lok hvers árs.
- g) Að tilkynna ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi um stofnun nýrra félaga og deilda.





h) Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaganna fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Í því skyni skal HSP hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjöllum aðildarfélaganna/sérráða sinna og ef ástæða þykir til getur stjórn HSP tilnefnt sérstakan skoðunarmann reikninga fyrir félagið og fyrirskipað ítarlega rannsókn á fjárreiðum viðkomandi aðildarfélags/sérráðs. Aðildarfélag/sérráð getur krafist þess að bókhaldsgögn fari eingöngu um hendur löggilts endurskoðanda.

### 3. grein

HSP er stjórnað af:

- a) Ársþingi HSP
- b) Stjórn HSP

Reikningsár er almanaksárið.

## II. Kafli. Um Ársþing

### 4. grein

Ársþing HSP fer með æðsta vald í málum sambandsins. Ársþing skal haldið fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Skal stjórnin boða til þess með minnst eins mánaðar fyrirvara. Tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum skulu hafa borist stjórn HSP eigi síðar en þremur vikum fyrir ársþing. Dagskrá, reikninga, fjárhagsáætlun, tillögur sem borist hafa ásamt tillögum sem stjórn hyggst leggja fyrir þingið skulu kynntar aðildarfélagunum með síðara þingboði í síðasta lagi viku fyrir ársþing.

Boðun þings og framlagning gagna fyrir og á ársþingi má vera á rafrænu formi, verði því við komið.

### 5. grein

Hvert aðildarfélag á rétt á að senda að lágmarki 1 fulltrúa og að hámarki 9 fulltrúa á ársþing HSP. Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags miðast við fjölda lögráða félagsmanna (18 ára og eldri) eftir félagatali í starfsskýrslum síðastliðins starfsárs til ÍSÍ/UMFÍ og samkvæmt eftirfarandi töflu:

Fjöldi félaga 18 ára og eldri    Fjöldi þingfulltrúa

0-75.....	1
76-150.....	2
151-300.....	3
301-600.....	4
601-900.....	5
901-1200.....	6
1201-1500.....	7
1501-1800.....	8
1801 o.fl.....	9

Þá eiga sérráð sambandsins rétt á að senda einn fulltrúa hvert og hafa þeir fulltrúar jafnan rétt og aðrir fulltrúar þingsins. Kjörgengi og kosningarétt til ársþings HSP hafa allir lögráða félagsmenn.

### 6. grein

Lögmætt er ársþing ef löglega er til þess boðað. Fulltrúar skulu leggja fram kjörbréf frá viðkomandi félagi/ráði. Eigi má fulltrúi á ársþingi fara með nema eitt atkvæði. Allir félagar innan UMFÍ og ÍSÍ hafa málfrelsi og tillögurétt á ársþingi, en kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt.



#### 7. grein

Ársþing tekur ákvarðanir um starfsemi sambandsins á komandi starfsári, úrskurðar reikninga sambandsins og afgreiðir fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Þingið kys 5 einstaklinga í stjórn sambandsins: Formaður skal kosinn árlega, en tveir meðstjórnendur annað hvert ár til tveggja ára. Einnig skal kjósa tvo varamenn til tveggja ára, einn annað hvert ár. Varamenn taka sæti í stjórn í sömu röð og þeir voru kosnir.

Einnig skal kjósa 2 skoðunarmenn árlega og varamann þeirra.

Stjórn sambandsins skiptir sjálf með sér verkum og kys sér varaformann, ritara og gjaldkera. Hver stjórnarmaður getur, að loknu kjörtímabili, skorast undan endurkosningu til jafn langs tíma. Þá skal þingið kjósa í allar aðrar trúnaðarstöður sambandsins sem kosið er í til eins árs í senn. Kosningar skulu bundnar við uppástungur, nema ársþing ákveði annað.

#### 8. grein

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á þingi og verði atkvæði jöfn er málið fallið. Ef tveir eða fleiri hljóta jafn mörg atkvæði til að ná kosningu skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti. Lögum verður ekki breytt nema með samþykki 2/3 greiddra atkvæða.

#### 9. grein

Stjórn HSP skal styðjast við eftirfarandi dagskrá á ársþingi:

1. Þingið sett
2. Starfsmenn þingsins kosnir
  - a) Forsetar
  - b) Ritarar
3. Kjörbréfanefnd kosin
4. Skýrsla stjórnar og reikningar sambandsins kynntir
5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
6. Álit kjörbréfanefndar
7. Skýrsla og reikningar borin undir atkvæði
8. Ávörp gesta
9. Mál lögð fyrir þingið
10. Skipan í starfsnefndir – nefndarstörf
  - a) Allsherjarnefnd
  - b) Íþróttanefnd
  - c) Fjárhagsnefnd
  - d) Laganefnd
11. Afgreiðsla mála
12. Kosningar
  - a) Formaður
  - b) Aðalmenn í stjórn
  - c) Varamenn í stjórn
  - d) Skoðunarmenn reikninga
  - e) Fulltrúi á íþróttaping ÍSí
13. Önnur mál
14. Þingslit

#### 10. grein

Aukaping skal halda, ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess, stjórn HSP eða eftir ákvörðun ársþings. Allur boðunar- og tilkynningarfrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa



að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukþingi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.

### III. Kafli. Um stjórn

#### 11. grein

Stjórn HSP skipa formaður, fjórir aðalmenn og tveir varamenn kjörnir á ársþingi skv. 7. grein. Á fyrsta fundi sínum skal stjórn skipta með sér verkum, varaformaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi.

Stjórn sambandsins annast framkvæmd allra sambandsmála eftir ákvörðunum ársþinga og ákvæðum laga þessara. Hún annast innheimtu sambandsgjalda, tekur á móti því fé sem sambandinu áskotnast, varðveitir það og ávaxtar. Á hverju ársþingi gerir stjórnin grein fyrir störfum sínum á liðnu ári, leggur fram endurskoðaða reikninga um tekjur og gjöld sambandsins og tillögu til fjárhagsáætlunar. Stjórnin gefur skýrslu um hag og starfsemi sambandsins til UMFÍ og ÍSÍ samkvæmt lögum þeirra.

#### 12. grein

Stjórn sambandsins skal halda stjórnarfundum eins oft og þurfa þykir. Skal boða bæði stjórn og varastjórn. Einstaklingar í varastjórn hafa málfrelsi og tillögurétt á stjórnarfundum en ekki atkvæðisrétt, nema ef forföll verða í aðalstjórn og þá í þeirri röð sem þeir voru kosnir.

#### 13. grein

Heimilt er stjórn sambandsins að kjósa þriggja manna framkvæmdastjórn. Einnig er stjórninni heimilt að ráða starfsmann á launum til sambandsins um lengri eða skemmri tíma og semja við hann um kaup og kjör. Skylt er stjórninni að gera skriflegan samning í hvert sinn sem slík ráðning fer fram.

#### 14. grein

Heimilt er stjórn sambandsins að skipa í nefndir sem sinna ákveðnum skilgreindum verkefnum innan sambandsins. Stjórn setur reglur um starf nefnda.

#### 15. grein

Heimilt er að kjósa heiðursfélaga HSP og veita aðrar heiðursviðurkenningar. Stjórn sambandsins setur reglur þar um sem ársþing staðfestir.

### IV. Kafli. Um aðildarfélög

#### 16. grein

Rétt til inngöngu í sambandið eiga öll ungmenna- og íþróttafélög á sambandssvæðinu, sem hafa lög sín í samræmi við stefnuskrá UMFÍ og ÍSÍ.

#### 17. grein

Vilji félag ganga í sambandið, sendir það stjórn þess skriflega inntökubeiðni og lætur fylgja afrit af lögum félagsins, stjórn og félagatal. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki ársþings sambandsins, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaraðild til næsta ársþings. Innganga nýs aðildarfélags er einnig háð samþykki ÍSÍ á lögum viðkomandi félags.

#### 18. grein

Vilji félag ganga úr sambandinu telst úrsögn því aðeins lögmaet að samþykkt hafi verið á löglegum aðalfundi viðkomandi félags, og miðist úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar HSP, sem síðan tilkynnir hana á ársþingi. Eigi getur félag sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fjármunum sem það



hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Ekki er skylt að taka úrsögn viðkomandi félags gilda nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

#### 19. grein

Skylt er hverju félagi að greiða til sambandsins árgjald fyrir hvern félagsmann, 18 ára og eldri, og ákveður ársþing upphæð þess hverju sinni. Gjaldþagi er 1. júní og skal miða við félagatal skv. starfsskýrslum til ÍSÍ/UMFÍ sama ár. Nú gerir félag engin skil til sambandsins þrjú ár samfellt. Hefur þá ársþing heimild til að vísa því félagi úr sambandinu, enda skal stjórnin hafa aðvarað það.

#### 20. grein

Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma skal stjórn HSP, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans. Ársþingi HSP er heimilt, hafi aðildarfélag ekki farið að lögum og/eða fyrirmælum þess, að ákveða að víkja félaginu úr HSP.

Ákveði ársþing HSP að víkja félagi úr því er stjórn HSP skylt að tilkynna það til ÍSÍ og viðkomandi sérsambands/sérsambanda.

### V. Kafli. Um sérráð

#### 21. grein

Sérráð er samband þeirra félaga og félagsdeilda innan HSP sem hafa iðkun sömu íþróttar á stefnuskrá sinni. Það fjallar um sérfræðileg málefni íþróttagreinar innan héraðsins. Um önnur mál er sérráð háð HSP.

Þar sem tvö eða fleiri aðildarfélög hafa iðkun sömu íþróttagreinar á stefnuskrá sinni má HSP stofna sérráð. Ársþing skilgreinir sérráð og ákveður hvaða ráð skuli starfa milli þinga. Þó skal stjórn HSP einnig heimilt að skipa sérráð ef ástæða er til. Aðildarfélög geta óskað eftir því við stjórn HSP að sérráð sé skipað.

HSP skal setja starfsreglur um sérráð sem kynna þarf sérsambandi í viðkomandi íþróttagrein. Ársþing staðfestir starfsreglur sérráða, en stjórn HSP getur sett starfsreglur sérráða til bráðabirgða fram að næsta ársþingi.

#### 22. grein

Sérráð skulu almennt skipuð formönnum aðildarfélaga eða deilda innan aðildarfélaga sem sinna viðkomandi íþróttagrein, eða fulltrúum þeirra. Sérráðin skipta sjálf með sér verkum og tilnefna formann. Stjórn HSP staðfestir skipan formanna sérráða.

#### 23. grein

Hlutverk sérráða almennt er að annast skipulag mótahalds og viðburða í hlutaðeigandi íþróttagreinum innan héraðs. Sérráð gerir tillögur að reglum um mótahald og aðra starfsemi og staðfestir stjórn þær. Að öðru leiti er vísað til starfsreglna hvers sérráðs.

Sérráð skulu skila ársskýrslum og reikningum til stjórnar HSP fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar HSP.

### VI. Kafli. Önnur ákvæði

#### 24. grein

Ákvörðun um slit sambandsins skal taka á löglega boðuðu ársþingi. Komi slík tillaga fram skal hún þegar tekin til umræðu og atkvæði um hana greidd. Samþykki 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa tillöguna skoðast hún samþykkt og skal þingi slitið tafarlaust. Fráfarandi stjórn situr áfram í fullu umboði og skal hún boða til aukapings innan tveggja mánaða. Þá skal tillagan borin upp að nýju. Sé hún samþykkt með 4/5 greiddra atkvæða fulltrúa á þinginu skulu það heita lögleg sambands slit. Verði tillagan felld skulu þingstörf halda áfram þar sem frá var horfið á fyrra þingi.



#### 25. grein

Komi til sambandsslita HSP skulu allar eignir þess renna í einn sjóð sem verði í vörslu UMFÍ en þó ávaxtaður í peningastofnun á sambandssvæðinu. Höfuðstól sjóðsins má eigi skerða en ráðstafa 2/3 ársávöxtunar til íþrótt- og æskulýðsstarfs á sambandssvæði HSP.

Verði nýtt samband stofnað sem stefnir að sömu markmiðum og HSP á sambandssvæðinu skulu eignir HSP renna til þess.

#### 26. grein

Lög þessi öðlast gildi eftir samþykkt þeirra og falla þá eldri lög úr gildi.

#### Greinargerð:

Gildandi lög HSP uppfylla ekki mörg af þeim skilyrðum sem sett eru í lögum ÍSÍ og eru skilyrði fyrir aðild að íþróttahreyfingunni í landinu. Meginbreytingar sem lagðar eru til hér eru vegna þess. Að auki er efnisröðun breytt nokkuð og orðalag lagað. Með nýrri röðun í kafla er leitast við að færa skyld efnisatriði saman og greina betur að einstök atriði og skýra.

Breytingarnar eru í megindráttum þessar:

- 1) Tekin inn ákvæði úr lögum og skv. lögum ÍSÍ.
- 2) Tilfærslur á efni úr gildandi lögum á milli greina.
- 3) Orðalagsbreytingar.
- 4) Kaflaheiti eru sett inn.
- 5) Ákvæði um sérráð eru sett inn í lögum ÍSÍ sem ekki er að finna í gildandi lögum.

#### Nánari greinargerð um breytingar hvernar greinar:

**I. Kafli Um sambandið.** Teknar eru saman í einn kafla lagagreinar er varða uppbyggingu og hlutverk sambandsins

**1. grein.** Bætt er inn í mgr. um lögheimili og varnarþing. Einnig er 1. mgr. úr núv. 3.gr. bætt við án breytinga.

**2. grein.** Mgr. 1 og 2 eru óbreyttar úr núv. 2.gr. Mgr. 3 um hlutverk HSP er bætt við og tekið því sem næst orðrétt úr lögum ÍSÍ 44. grein liður 2.

**3. grein:** Mgr. 1 úr núv. 3.gr. hefur verið felld inn í 1. grein og mgr. 2 felld inn í 16. gr. án breytinga. Fyrri mgr. nýs texta er tekin úr lögum ÍSÍ 45. grein liður 1. Síðari mgr. um reikningsár er tekin úr núv. 9.gr. (4. mgr.).

**II. Kafli Um ársþing.** Teknar eru saman í einn kafla lagagreinar er varða ársþing HSP.

**4. grein.** Texti núv. 4.gr. færður undir nýja 17.gr. án breytinga. Mgr.1, 2 og 3 núv. 7. gr. verður að 4. grein með breytingum. Nýrri mgr. er bætt við í upphafi auk þess texti var lagaður til þess að vera skýrari. Nýrri mgr. bætt við í lokin um rafræn gögn.

**5. grein.** Texti núv. 5.gr. er færður undir nýja 18.gr. án breytinga. Mgr. 4 og 8 núv. 7.gr. verður að 5.gr. með breytingum. Lagt er til að fækka fulltrúum þingsins og eftir atvikum félaganna og miða við gjaldskylda félaga (lögráða (18 ára), sbr. 19. gr. eftir breytingar). Þá er það gert skýrara við hvaða félagatal skuli miðað. Að lokum er bætt við mgr. um aldur á ársþing skv. ákvæðum 7.gr. laga ÍSÍ.

**6. grein.** Texti núv. 6.gr. færður undir nýja 19.gr. með breytingum. Mgr. 7, 9, 10, og 11 núv. 7.gr verður að 6. grein með breytingum um lögmæti ársþings.

**7. grein.** Texti núv. 7.gr. hefur verið felldur inn í 4.gr. (mgr. 1, 2 og 3), 5.gr. (mgr.4 og 8) og 6.gr. (mgr. 7, 9 og 10) en mgr. 5 og 6 hafa verið felldar út (sjá að ofan 5.gr.). Núv. 8.gr. verður að 7.gr. með orðalagsbreytingum í 2.mgr., „menn“ verði „einstaklingar“ og skýrara er að meðstjórnendur eru kosnir til tveggja ára.



**8. grein.** Texti núv. 8. gr. er færður undir 7.gr. með orðalagsbreytingum. Núv. 13.gr. verður að 8.gr. án breytinga.

**9. grein.** Texti núv. 9.gr. færður undir 11.gr (mgr. 1, 2, 3 og 5) án breytinga. Mgr. 4 færð undir 3.gr. án breytinga. Núv. 14.gr. verður að 9.gr. Greinin er efnislega óbreytt nema stytta og ákvæði um kaffi- og matarhlé og umræður eru tekin út. Þó svo að tilhlýðilegt sé og almenn tillitssemi að bjóða upp á hressingu á meðan fundi stendur getur það ekki verið skylda að hafa slíkt í lögum sambandsins. Þingforseti þarf að hafa svigrúm til að geta stjórnað umræðum á fundi, enda verði farið eftir þingsköpum og reglum þar að lútandi.

**10. grein.** Nánast óbreytt að öðru leyti en því að stjórn sambandsins er nú gefinn kostur á að efna til aukþings. Einnig er það tekið fram að ársþingið geti það líka. Hvoru tveggja getur verið nauðsynlegt ef ástæður kalla á meiriháttar ákvarðanir.

**III Kafli Um stjórn.** Flest ákvæði um stjórn sambandsins hafa verið sett saman í einn kafla.

**11. grein.** Texti núv. 11. gr. færður undir 13.gr. án breytinga. Núv. 9. grein verður að 11. grein (utan 4.mgr. sem var færð í 3.gr.) Að auki hefur verið bætt við texta um skipan stjórnar í upphafi.

**12. grein.** Texti núv. 12.gr. færður undir 15.gr. án breytinga. Nýr texti kemur inn er varðar stjórnarfundi og hverjir skuli boðaðir á hann.

**13. grein.** Texti núv. 13.gr. færður undir 8.gr. án breytinga. Núv. 11.gr. verður að 13.gr. án breytinga.

**14. grein.** Texti núv. 14.gr. færður undir 9.gr. með smávægilegum breytingum. Nýr texti kemur inn er varðar heimild stjórnar að skipa í nefndir fyrir ákveðin verkefni.

**15. grein.** Texti núv. 15.gr. felldur út (hvenær gömlu lög in tóku gildi). Núv. 12.gr. verður að 15.gr. án breytinga.

**IV Kafli Um aðildarfélag.** Í þessum kafla er að finna ákvæði um félagin, réttindi þeirra og skyldur sem þau þurfa að uppfylla sem aðildarfélag HSP, ÍSÍ og UMFÍ.

**16. grein.** Núv. 2.mgr. 3.gr. verður að nýrri 16.gr. án breytinga.

**17. grein.** Núv. 4.gr. verður að nýrri 17.gr. án breytinga.

**18. grein.** Núv. 5.gr. verður að nýrri 18.gr. án breytinga.

**19. grein.** Núv. 6.gr. verður að nýrri 19.gr. með örlitlum breytingum. Aldur er hækkaður vegna árgjalds og gjalddaga er breytt í 30. júní ásamt því að skýrara er við félagatali hvaða árs skuli miðað. Eins og þetta er framkvæmt í dag greiða félag skatt eftir félagatali frá starfsskýrsluskilum ársins á undan en nú verður hægt að fara eftir uppfærðu félagatali.

**20. grein.** Ný grein þar sem bætt er við ákvæði úr lögum ÍSÍ 44.grein liður 3 varðandi aðalfundi félaga.

**V. kafli – Um sérráð.** Hér er að finna ný ákvæði í lögum HSP. Um er að ræða bæði nauðsynleg ákvæði úr lögum ÍSÍ sem sambandið þarf að fylgja eða hafa til hliðsjónar og eins atriði sem geta hjálpað okkur við skipulagningu starfs innan héraðs.

**21 grein.** Ný grein. Mgr. 1-3 eru teknar nánast orðrétt upp úr lögum ÍSÍ, greinum 49-50 í kafla um sérráð. Til viðbótar er skilgreint hver getur skipað sérráð og hverjir geta óskað eftir slíkri skipan.

**22. grein.** Ný grein. Í greininni eru almenn tilmæli um hvernig sérráð eru skipuð.

**23. grein.** Ný grein. Í greininni eru almenn tilmæli um hlutverk sérráða. Nánari skilgreining á hlutverkum hvers sérráðs væri að finna í starfsreglum hvers ráðs.

**VI. Kafli Önnur ákvæði**

**24. og 25. grein.** Nýjar greinar. Ákvæði um slit sambandsins eru ekki til í gildandi lögum en verða að vera það skv. lögum ÍSÍ. Greinar 23 og 24 veita leiðbeiningar um hvernig sliti skuli háttáð og hvernig eignum sambandsins skuli varið, fyrirmyndin er fengin úr lögum ÍSÍ 58. og 59. grein.

*Þingskjali 4 vísað til laganeftardar*



## Þingskjal 5

### Lagt fram af stjórn HSP

#### Sérráð

**Ársþing HSP, haldið í Þórsveri 20. mars 2021**, samþykkir að fela stjórn HSP að stofna sérráð í þeim íþróttagreinum sem a.m.k. tvö aðildarfélög stunda. Sérráðin verði skipuð skv. lagabreytingartillögum HSP og stjórn HSP falið að koma á samtali milli félaganna um möguleg mót, verkefni eða annað samstarf tengt íþróttagreininni.

*Þingskjali 5 vísað til allsherjar- og íþróttanefndar*

## Þingskjal 6

### Lagt fram af stjórn HSP

#### Mótahald

**Ársþing HSP, haldið í Þórsveri 20. mars 2021**, samþykkir að fela stjórn HSP að kortleggja, í samvinnu við félög og sérráð, hvaða aðstöðu þarf til þess að halda stærri mót heima í héraði s.s. mót á vegum UMFÍ eða á vegum sérsambanda ÍSÍ, og hvetja þannig aðildarfélög/sérráð, í samstarfi við stjórn HSP og hlutaðeigandi sveitarfélög, til þess að sækja um að halda stærri mót.

*Þingskjali 6 vísað til allsherjar- og íþróttanefndar*

## Þingskjal 7

### Lagt fram af stjórn HSP

#### Breytingar á lottóreglugerð

**Ársþing HSP, haldið í Þórsveri 20. mars 2021**, samþykkir eftirfarandi breytingar á lottóreglugerð sambandsins. Lottóreglugerðin hljóði svo eftir breytingar:

Lottótekjurnar skiptast þannig:

- a) 5% til verkefna- og styrktarsjóðs HSP
- b) 20% til HSP
- c) 75% til aðildarfélaga HSP skv. eftirfarandi skiptingu:
  - 15% eftir mætingu á ársþing í hlutfalli við heildarfjölda mættra þingfulltrúa
  - 70% eftir iðkendatali 6-17 ára
  - 15% eftir fjölda félagsmanna, 18 ára og eldri

Forsendur fyrir úthlutun skv. c)-lið

1. Fulltrúi aðildarfélags mæti á ársþing HSP.
2. Félag skili skriflegri skýrslu til HSP, sem birtist í ársskýrslu HSP, þar sem starfi félagsins síðastliðið starfsár er lýst.
3. Félag skili starfsskýrslu í félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ fyrir 15. apríl ár hvert.

Uppfylli félag ekki þessar forsendur fær félagið ekki úthlutað úr lottó. Hlutur félagsins rennur þá til annarra aðildarfélaga skv. úthlutunarreglum í c)-lið. Hafi félag staðið undir forsendum 1 og 2 en ekki 3 er stjórn sambandsins heimilt að fresta lottógreiðslum til félagsins þar til félagið hefur staðið skil á starfsskýrslunni. Hafi félagið ekki enn skilað inn starfsskýrslum þann 1. desember skal hlutur þess renna í aðalsjóð HSP.

**Greinargerð:** Verði tillaga að nýjum verkefna- og styrktarsjóði HSP samþykkt á þinginu þarf að breyta lottóreglugerðinni. Heiti sjóðsins sem hlutur lottótekna HSP rennur til er breytt. Ekki eru breytingar á hlutföllum



að þessu sinni utan að 20% rennur til HSP í stað 19% áður og 75% rennur til aðildarfélaganna í stað 76% áður. Auk þess eru úthlutunarreglur skýrðar betur.

*Þingskjal 7 vísað til laganevndar*

Þingskjal 8

*Lagt fram af stjórn HSP*

Fjárhagsáætlun 2021

Ársþing HSP, haldið í Þórsveri 20. mars 2021, samþykkir framlagða fjárhagsáætlun ársins 2021.

**Greinargerð:** Helstu tekjur sambandsins eru lottótekjur og rekstrarstyrkir frá sveitarfélögum. Tekjur eru almennt varlega áætlaðar en skattar félag, sem er kr. 500,- líkt og verið hefur frá 2014, verða lægri í heildina vegna breytinga á lögum sambandsins um skattskylda félag (18 ára vs. 16 ára). Helstu gjaldaliðir eru laun og launatengd gjöld og lottógreiðslur til aðildarfélaganna ásamt almennum kostnaði yfirstjórnar og styrktarsjóða HSP.

Fjárhagsáætlun HSP					
Rekstrartekjur	ÁÆTLUN 2021	Rekstur 2020	ÁÆTLUN 2020	Rekstur 2019	Áætlun 2019
<b>Framlög og styrkir</b>	<b>14.620.000</b>	<b>18.899.808</b>	<b>17.320.000</b>	<b>15.790.754</b>	<b>17.070.000</b>
Styrkir ÍSÍ (útbr.)	600.000	736.961	600.000	771.032	500.000
Lottó	10.000.000	13.067.988	9.000.000	10.521.626	8.500.000
Getraunir 1x2	170.000	220.330	170.000	188.200	170.000
Rekstrarstyrkir sveitarfélaga	3.200.000	3.665.040	3.300.000	3.401.360	3.100.000
Styrkir v/ULM	200.000	-	250.000	255.000	250.000
Styrkir v/Æfum alla ævi	200.000	1.150.000	4.000.000	500.000	4.000.000
Aðrir styrkir	250.000	59.489	-	153.536	550.000
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>1.098.000</b>	<b>1.950.091</b>	<b>1.819.091</b>	<b>2.284.225</b>	<b>1.760.000</b>
Skattar félag	1.058.000	1.626.000	1.350.000	1.610.000	1.610.000
Leiga HSP tjaldi	40.000	-	150.000	165.000	150.000
Tekjur v/námsk. o.fl.	-	319.091	319.091		
Vörusala	-	5.000	-	509.225	-
<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b>15.718.000</b>	<b>20.849.899</b>	<b>19.139.091</b>	<b>18.074.979</b>	<b>18.830.000</b>
<b>Rekstrargjöld</b>					
<b>Laun og launatengd gjöld</b>	<b>4.500.000</b>	<b>7.487.529</b>	<b>8.000.000</b>	<b>7.357.403</b>	<b>9.000.000</b>
50% v/frkv.stjóri	4.500.000	4.137.755	4.000.000	3.678.702	4.500.000
50% v/Æfum alla ævi	-	3.349.774	4.000.000	3.678.701	4.500.000
<b>Styrkir til félag</b>	<b>7.500.000</b>	<b>9.986.160</b>	<b>5.850.000</b>	<b>8.081.532</b>	<b>5.950.000</b>
Lottó	7.500.000	9.931.671	5.850.000	7.993.396	5.950.000
Ferðastyrkir	-	54.489		88.136	
<b>Búningar, áhöld og tæki</b>	<b>50.000</b>	<b>12.000</b>	<b>50.000</b>	<b>656.492</b>	<b>50.000</b>
<b>Þátttaka í mótum</b>	<b>250.000</b>	<b>-</b>	<b>400.000</b>	<b>170.021</b>	<b>350.000</b>
Þátttökukostn. ULM	200.000	-	200.000	149.850	200.000
Annar kostnaður	50.000	-	200.000	20.171	150.000
<b>Verðlaun og annar mótak.</b>	<b>200.000</b>	<b>-</b>	<b>200.000</b>		<b>50.000</b>
<b>Húsaleiga Seigla</b>	<b>120.000</b>	<b>120.000</b>	<b>120.000</b>	<b>120.000</b>	<b>120.000</b>
<b>Rekstur skrifstofu</b>	<b>2.095.000</b>	<b>944.764</b>	<b>1.995.000</b>	<b>1.672.677</b>	<b>1.925.000</b>
Sími, ritföng, póstkostnaður	70.000	42.547	70.000	58.292	70.000
Þingkostn. Ársþing HSP	600.000	292.578	600.000	581.441	700.000
Ferðakostnaður stjórnar	125.000	-	125.000	87.711	125.000
Fundir/Þing UMFÍ og ÍSÍ	400.000	-	400.000	399.304	220.000
Bókhald og endurskoðun	400.000	385.913	400.000	317.040	400.000
Auglýsingakostnaður	200.000	110.834	250.000	186.092	300.000
Annar skrifstofukostnaður	300.000	112.892	150.000	42.797	110.000
<b>Kynning, fræðsla, útbreiðsla</b>	<b>1.600.000</b>	<b>1.964.136</b>	<b>2.500.000</b>	<b>1.555.089</b>	<b>1.245.000</b>
Styrktarsjóður	1.000.000	-	1.500.000		





Fræðslusjóður	-	1.034.000		178.000	150.000
Styrkir Frjálsíþr.ráð	300.000	500.000	500.000	500.000	500.000
Afreksmannasjóður	-	-		500.000	212.500
Aksturssjóður	-	419.875		54.432	382.500
Annar kostnaður	300.000	10.261	500.000	322.657	
<b>Önnur gjöld</b>	<b>100.000</b>	<b>14.825</b>	<b>55.000</b>	<b>53.844</b>	<b>140.000</b>
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>16.415.000</b>	<b>20.529.414</b>	<b>19.170.000</b>	<b>19.667.058</b>	<b>18.830.000</b>
Vaxtatekjur	<b>50.000</b>	<b>61.622</b>			
Fjármagnstekjuskattur	<b>15.000</b>	<b>13.556</b>			
<b>Hagnaður/tap</b>	<b>- 697.000</b>	<b>368.551</b>	<b>- 30.909</b>	<b>- 1.592.079</b>	<b>-</b>

*Þingskjal 8 vísað til fjárhagsnefndar*

Þingskjal 9

*Lagt fram af stjórn HSP*

### Heiðursviðurkenningar HSP

Ársþing HSP, haldið í Þórsveri 20. mars 2021, samþykkir eftirfarandi reglugerð um veitingu heiðursviðurkenninga HSP.

#### 1. grein

Stjórn HSP getur, við sérstök tækifæri s.s. ársþing HSP, aðalfundi félaga eða stórafmæli, veitt einstaklingum heiðursviðurkenningar fyrir störf sín í þágu íþróttahreyfingarinnar á svæðinu.

#### 2. grein

Viðurkenningar HSP eru Silfurmerki HSP og Gullmerki HSP. Einnig er heimilt að kjósa Heiðursfélaga HSP.

#### 3. grein

Um viðurkenningarnar:

1. Silfurmerki HSP er veitt þeim einstaklingum sem unnið hafa gott og mikið starf í þágu einstakra aðildarfélaga eða héraðssambandsins í heild. Merkið skal jafnframt vera hvatning til áframhaldandi góðra starfa í þágu íþróttahreyfingarinnar.
2. Gullmerki HSP er veitt þeim einstaklingum sem hafa sinnt skipulags-, stjórnar- eða þjónustustörfum fyrir sambandið eða aðildarfélögin um lengri tíma svo eftir er tekið. Gullmerkishafi skal alla jafna áður hafa hlotið silfurmerki HSP.
3. Heiðursfélaga er hægt að tilnefna hafi einstaklingur sýnt HSP óvenju mikla þjónustu um langt árabil.

#### 4. grein

Tillögurétt að heiðursviðurkenningum HSP hafa stjórnarmenn HSP, stjórnir aðildarfélaga HSP og stjórnir ráða eða nefnda á vegum HSP. Tillögum skal fylgja nákvæm lýsing á störfum viðkomandi og starfsferill innan íþróttahreyfingarinnar.

#### 5. grein

Skrifstofa HSP skal skrá allar viðurkenningar HSP og birta nöfn merkjahafa í ársskýrslu HSP.

*Þingskjal 9 vísað til laganefndar*



## Þingskjal 10

### Lagt fram af stjórn HSP

#### Staðsetning næsta ársþings

**Ársþing HSP, haldið í Þórsveri 20. mars 2021**, samþykkir að næsta ársþing HSP verði haldið af Hestamannafélaginu Grana, Golfklúbbi Húsavíkur og Skotfélagi Húsavíkur.

### Þingskjali 10 vísað til allsherjar- og íþróttanefndar

## Þingskjal 11

### Lagt fram af stjórn HSP

#### Breytingar á aðildarfélögum HSP

**Ársþing HSP, haldið í Þórsveri 20. mars 2021**, samþykkir svohljóðandi breytingar á aðild félaga sambandsins:

- i. Umf. Reykhverfingur verði skráð úr HSP
- ii. ~~Skotfélag Þórshafnar og nágrennis verði skráð úr HSP (Stjórn HSP dró þennan lið til baka)~~
- iii. Úrsögn Skákfélagsins Hugins úr HSP
- iv. Aðild Skákfélagsins Goðans að HSP

#### Greinargerð:

Umf. Reykhverfingur hefur ekki verið starfandi um árabíl og ekki eru áætlanir um að félagið muni hefja sig til vegs og virðingar að nýju sem aðildarfélag HSP. Skráningin úr HSP er unnin í fullri samvinnu við félagið.

~~Skotfélag Þórshafnar og nágrennis fékk aðild 2018. Félagið hefur enn ekki hafið neina starfsemi og er ekki með æfingarsvæði og óskar eftir því að verða skráð úr HSP. (Stjórn HSP dró þennan lið til baka).~~

Skákfélagið Huginn hefur sent erindi til stjórnar HSP þar sem félagið óskar eftir því að verða skráð úr HSP þar sem fyrir liggur sameining við annað félag og starfsemi Hugins verður hætt og félagið lagt niður.

Skákfélagið Goðinn hefur verið endurvakið og óskar eftir inngöngu í HSP. Félagið hefur sent inn uppfærð lög félagsins til samþykktar hjá stjórn HSP ásamt stjórnarupplýsingum.

### Þingskjali 11 vísað til allsherjar- og íþróttanefndar

## Þingskjal 12

### Lagt fram af stjórn Völsungs

#### Tillaga að leggja niður afreksmannasjóð, fræðslusjóð og aksturssjóð

**Ársþing HSP, haldið í Þórsveri 20. mars 2021**, samþykkir að leggja niður afreksmanna-, fræðslu- og aksturssjóð HSP. Í ljósi þess að stjórn HSP hyggst leggja niður þrjá sjóði sambandsins og búa til einn að þá leggjum við til að sjóðirnir verði þess í stað lagðir niður og lottótekjur sem annars hafa runnið í sjóðina muni fara aftur í sameiginlega skiptingu á milli félaga.

**Greinargerð:** Árið 2019 voru settar 820.000 kr. í sjóði samkvæmt núverandi regluverki. Aðeins var úthlutað 732.432 kr. sem þýðir einfaldlega að ekki næst að úthluta öllu fjármagni sem sett er í sjóðina. Árið 2018 var einungis úthlutað 217.000 kr. Félög eru ekki að sækja í sjóðina eða sjóðsreglur mjög þröngar eins og við þekkjum í gegnum t.d. afreksmannasjóðinn og aksturssjóðinn.

Í nýjum sjóð er gert ráð fyrir að hlutfall lottótekna í hann verði 15% sem reiknast miðað við núverandi lottótekjur um 1,5 milljón. Við teljum að ekki sé þörf á að búa til sjóð með svo miklu fjármagni sem verður



samkvæmt sögunni ekki úthlutað úr. Þar að auki kom fram á síðasta formannafundi að ekki væri ljóst hverjar sjóðsreglurnar ættu að vera.

Nú þegar eru til hinir ýmsu sjóðir sem í rauninni þjóna sama tilgangi og núverandi sjóðir HSP og mögulega nýr sjóður myndi gera. ÍSÍ er með ferðasjóð þar sem öll félög geta sótt í, flest sveitarfélög eru með afreksmannasjóði ásamt því sem UMFÍ er með fræðslu- og verkefnasjóð sem auðvelt er að sækja í. Þar að auki eru árlega opnir sjóðir hjá ráðuneytunum þar sem hægt er að sækja um fyrir sérstök verkefni.

Við leggjum því til að sjóðirnir verði frekar lagðir niður og lottótekjur sem annars hefðu farið í sjóðina fari inn í heildar útdelingu til félaga. Félög geta því sjálf ákveðið hvað þau geri við fjármagnið og ráðstafað því eftir þörfum í starfsemi sína, starfinu til góða.

### *Þingskjal 11 vísað til laganevndar*

Þingnefndir tóku þegar til starfa og störfuðu til kl. 13:40 með 30 mínútna matarhléi skv. dagskrá milli kl. 12-12:30.

## 12. Afgreiðsla mála

### *Fjárhagsnefnd*

Stefán Jónasson gerði grein fyrir störfum fjárhagsnevndar.

### Þingskjal 8

Nefndin gerði engar breytingar eða athugasemdir við þingskjalið og var það samþykkt úr nefnd. Enginn kvað sér hljóðs í umræðum.

Þingskjal 8 borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

### *Allsherjar- og íþróttanefnd*

Jón Sverrir Sigtryggsson gerði grein fyrir störfum allsherjar- og íþróttanevndar.

### Þingskjal 1

Nefndin gerði ekki athugasemdir við þingskjalið og lagði til að það yrði samþykkt. Enginn kvað sér hljóðs í umræðum.

Þingskjal 1 borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

### Þingskjal 2

Nefndin lagði til örlitla orðalagsbreytingu í síðustu málsgreininni sem hljóði þá svo með breytingum: [...] Jafnframt er stjórn HSP hvött til þess að leita fjáröflunarleiða og samstarfs meðal sveitarfélaga, stofnana, fyrirtækja og annarra samtaka á sambandssvæðinu um stuðning verkefnisins *Æfum alla ævi*.

Enginn kvað sér hljóðs í umræðum.

Þingskjal 2 var þá lesið upp í heild sinni með breytingum og borið undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

### Þingskjal 5

Nefndin leggur til breytingar á tillögunni, örlitla orðalagsbreytingu í fyrstu málsgrein auk viðbótarmálsgreina í lokin. Þingskjalið hljóði svo með breytingum: „Ársþing HSP, haldi í Þórsveri 20. mars 2021, samþykkir að heimila



stjórn HSP að stofna sérráð í þeim íþróttagreinum sem a.m.k. tvö aðildarfélög stunda. Sérráðin verði skipuð skv. lagabreytingartillögum HSP og stjórn HSP falið að koma á samtali milli félaganna um möguleg mót, verkefni eða annað samstarf tengt íþróttagreininni. Jafnframt eru núverandi lög og erindisbréf ráða og nefnda felld úr gildi. Stjórn HSP semur nýjar starfsreglur ráða fyrir ráð í samráði við ný sérráð og nefndir.“

Enginn kvað sér hljóðs í umræðum.

Þingskjal 5 var þá lesið upp í heild sinni með breytingum og borið undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

#### Þingskjal 6

Þingskjalið var samþykkt í nefnd. Enginn kvað sér hljóðs í umræðum.

Þingskjal 6 borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

#### Þingskjal 10

Þingskjalið var samþykkt í nefnd. Enginn kvað sér hljóðs í umræðum.

Þingskjal 10 borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

#### Þingskjal 11

Stjórn HSP dró til baka lið 2 í þingskjalinu. Aðrir liðir voru samþykktir í nefnd.

Þingskjal 11 borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Afgreiðslu mála var frestað á meðan verðlaunaafhending íþróttamanns HSP fór fram.

### Íþróttamenn HSP verðlaunaafhending (kl. 14:00)

Veitt voru verðlaun vegna kjörs íþróttamanns HSP fyrir árið 2020. Auk eigna- og farandbikara fengu kjörnir íþróttamenn peningalegan styrk frá HSP og Sparisjóði Suður-Þingeyinga. Eftirfarandi eru kjörnir íþróttamenn í sinni grein 2020:

Blakmaður HSP: Arney Kjartansdóttir, Völsungi

Bocciamaður HSP: Ásgrímur Sigurðsson, Völsungi

Bogfimimaður HSP: Tómas Gunnarsson, Umf. Eflingu

Frjálsíþróttamaður HSP: Erla Rós Ólafsdóttir, Umf. Langnesinga

Knattspyrnumaður HSP: Guðrún Þóra Geirsdóttir, Völsungi

Skotíþróttamaður HSP: Kristján R. Arnarson, Skotfélagi Húsavíkur

Íþróttamaður HSP 2020 var kjörin Erla Rós Ólafsdóttir

Að verðlaunaafhendingu lokinni var María Sigurðardóttir, Umf. Einingunni, sæmd Starfsmerki UMFÍ fyrir störf sín hjá frjálsíþróttaráði HSP. Hún sat í frjálsíþróttaráði í 5 ár, þar af þrjú sem gjaldkeri, og tók þátt í því umfangsmikla starfi sem þar fór fram s.s. að undirbúa, skipuleggja og starfa við mót á vegum HSP, skipuleggja keppnisferðir, koma á æfingabúðum auk þess að fylgja krökkum eftir á mót og aðstoða á bak við tjöldin.

Verðlaunahöfum var svo boðið að þiggja kaffiveitingar en þingstörf héldu áfram.



## Afgreiðsla mála heldur áfram (kl. 14:15)

### Laganefnd

Sigurbjörn Árni Arngrímsson gerði grein fyrir störfum laganefndar.

### Þingskjal 4

Gerðar voru þrjár breytingar á þingskjalinu í nefndinni:

1) 9. grein 7. töluliður hljóði svo: „Reikningar bornir undir atkvæði.“

*Breytingartillagan lögð fyrir þingið og samþykkt samhljóða.*

2) 7. grein. Lagt fram ákvæði til bráðabirgða við 7. grein. „Á þingi HSP 2021 skal kjósa tvo stjórnarmenn til tveggja ára og aðra tvo til eins árs. Á sama hátt skal kjósa einn varastjórnarmann til tveggja ára og annan til eins árs.“

*Breytingartillagan lögð fyrir þingið og samþykkt samhljóða.*

3) 5. grein. Lögð fram breytingartillaga að fjölda þingmanna þannig að vægi þeirra sem eru helst með 18 ára og eldri félaga verði ekki of mikið. 5. grein hljóði svo með breytingum:

„Hvert aðildarfélag á rétt á að senda að lágmarki 1 fulltrúa og að hámarki 9 fulltrúa á ársþing HSP. Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags miðast við fjölda lögráða félagsmanna (18 ára og eldri) eftir félagatali í starfsskýrslum síðastliðins starfsárs til ÍSÍ/UMFÍ og samkvæmt eftirfarandi töflu:

Fjöldi félaga 18 ára og eldri	Fjöldi þingfulltrúa
0-75 .....	1
76-150 .....	2
151-300 .....	3
301-600 .....	4
601-900 .....	5
901- og yfir .....	6

Fyrir iðkendur 17 ára og yngri verði til viðbótar fulltrúar sem hér segir:

20-100 .....	1
101-300 .....	2
301 og fleiri .....	3

Þá eiga sérráð sambandsins rétt á að senda einn fulltrúa hvert og hafa þeir fulltrúar jafnan rétt og aðrir fulltrúar þingsins. Kjörgengi og kosningarétt til ársþings HSP hafa allir lögráða félagsmenn.“

*Breytingartillagan lögð fyrir þingið og samþykkt samhljóða.*

Þá var þingskjal 4 lagt fyrir þingið í heild sinni með áorðnum breytingum og borið undir atkvæði. Samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

### Þingskjal 7

Þingskjalið var samþykkt úr nefnd. Enginn kvað sér hljóðs í umræðum.

Þingskjal 7 borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.



## Þingskjal 9

Þingskjalið var samþykkt úr nefnd. Enginn kvað sér hljóðs í umræðum.

Þingskjal 9 borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

## Þingskjal 3 og þingskjal 12

Nefndin lagði til að skjölin yrðu lögð fyrir þingið til afgreiðslu en hafði sjálf ekki tekið afstöðu. Umræður um bæði þingskjölin fóru fram samhliða. Til máls tóku Jónas Halldór Friðriksson, Jónas Egilsson og Sigurbjörn Árni Arngrímsson.

Þingskjal 12 var lagt fram til atkvæðagreiðslu. Tillagan var felld með meginþorra atkvæða, 30 atkvæði voru á móti tillögunni en 13 fylgjandi.

Þingskjal 3 var þá tekið fyrir. Tvær breytingartillögur voru lagðar fram:

1) Liður 5.d. hljóði svo: „Ferðakostnað einstaklinga vegna æfinga og keppni innanlands og erlendis.“

*Breytingartillagan lögð fyrir þingið og samþykkt samhljóða.*

2) Ein málsgrein bætist við 7. lið sem hljóði svo með breytingum: „Eingöngu félagsmenn aðildarféлага HSP geta sótt um styrk úr sjóðnum sem og stjórnir aðildarféлага HSP. Sjóðurinn styrkir eingöngu þá sem iðka/þjálfar íþrótt sína og/eða keppa og starfa undir merkjum HSP og aðildarféлага þess. Þó geta félagsmenn aðildarféлага HSP sem lögheimili hafa á sambandssvæðinu og stunda íþróttir á vegum ÍSÍ sem ekki er keppt í á vegum aðildarféлага eða sérráða HSP sótt um styrk úr sjóðnum.“

*Breytingartillagan lögð fyrir þingið og samþykkt samhljóða.*

Þá var þingskjal 3 lagt fyrir í heild sinni með áorðnum breytingum. Orðið gefið laust, enginn kvað sér hljóðs. Þingskjal 3 borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

## 14. Kosningar

Þingforseti gerði tillögu um eftirtalda í stjórn skv. nýjum lögum sambandsins:

- a) Formaður: Jónas Egilsson, kjörinn formaður til 1 árs. *Samþykkt.*
- b) Aðalmenn í stjórn til tveggja ára: Garðar Héðinsson og Anna María Ólafadóttir. *Samþykkt.*
- c) Aðalmenn í stjórn til eins árs: Selmdís Práinsdóttir og Sigfús Hilmir Jónsson. *Samþykkt.*
- d) Varamaður í stjórn til eins árs: Kristinn Björn Haraldsson. *Samþykkt.*
- e) Varamaður í stjórn til tveggja ára: Sigurlína Tryggvadóttir. *Samþykkt.*
- f) Skoðunarmenn ársreikninga: Gunnhildur Stefánsdóttir, Margrét Halla Lúðvíksdóttir og til vara Steinunn Ósk Stefánsdóttir. *Samþykkt.*
- g) Fulltrúi á Íþróttapeing ÍSÍ. *Samþykkt að vísa vali til stjórnar.*

## 15. Önnur mál

Til máls tók Viðar Sigurjónsson fræðslufulltrúi ÍSÍ og þakkaði þingfulltrúum góð störf og óskaði eftir góðu samstarfi við félag og héraðssambandið. Hann óskar verðlaunahöfum til hamingju sem og nýrri stjórn og hrósar þingi og nefndarformönnum fyrir góðar umræður og stjórn þingsins.

Gunnhildur Hinriksdóttir þakkaði þingfulltrúum fyrir þingið og umræðurnar. Þingforseti þakkaði þingheimi fyrir sín störf og málefnalegar umræður og fól Jónasi formanni HSP að slíta þingi.



## 16. Þingslit (kl. 15:15)

Formaður þakkaði þingfulltrúum og starfsfólki þingsins fyrir góð störf. Hann færði nýjum stjórnarmönnum árnaðaróskir í tilefni kjörs þeirra, þakkaði þeim sem hurfu úr stjórn fyrir þeirra óeigingjörnu störf fyrir hreyfinguna og óskaði þingfulltrúum góðrar heimferðar um leið og hann sleit 13. þingi HSP.



## Viðauki

### Þingfulltrúar í nefndarstörfum

#### **Fjárhagsnefnd**

Stefán Jónasson  
Kristinn Björn Haraldsson  
Guðmundur H Halldórsson  
Guðrún Kristinsdóttir  
Guðrún Þóra Geirsdóttir  
Kristjana Lilja Einarsdóttir  
Margrét Guðmundsdóttir  
Sölvi Steinn Alfreðsson  
Gísli Jónsson

#### **Allsherjar- og íþróttanefnd**

Jón Sverrir Sigtryggsson  
Ragnar Hermansson  
Davíð Þórólfsson  
Sigurður Dagbjartsson  
Þórarinn Þórisson  
Anna María Ólafsdóttir  
Júlíus Björnsson  
Sigríður Atladóttir  
Sigurlína Tryggvadóttir  
Gunnhildur W. Björnsdóttir  
Arney W. Björnsdóttir  
Birna Davíðsdóttir  
Petronella Hannula  
Jón Grímsson  
Hermann Aðalsteinsson  
Sigurbjörn Ásmundsson  
Alina Kiskurno  
Valerija Kiskurno

#### **Laganefnd**

Sigurbjörn Árni Arngrímsson  
Gísli Gunnar Oddgeirsson  
Gunnar Guðmundsson  
Hjörtur G. Heimisson  
Ágústa Ágústsdóttir  
Birna Björnsdóttir  
Héðinn Björnsson  
Ragnar Baldvinsson  
Steinunn Anna Halldórsdóttir  
Eggert Stefánsson  
Baldur Stefánsson  
Stefán Haraldsson  
Magnús Skarphéðinsson  
Guðný I. Grímsdóttir  
Valgerður Sæmundsdóttir  
Jónas Halldór Friðriksson  
Björgvin Friðbjarnarson  
Lúðvík Kristinsson  
Garðar Héðinsson  
Henrik Cater  
Þorsteinn Ægir Egilsson  
Birna Ásgeirsdóttir